

Alþingi

Erindi nr. P 118 / 73
komulagur 8 // 1994

SAMTÖK
IÐNAÐARINS



FEDERATION OF ICELANDIC INDUSTRIES

Alþingi,
bt. Ágústu H. Lárusdóttur, deildarfulltrúa,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Reykjavík, 4. nóv. 1994.

Samtökum iðnaðarins hafa á ný verið send til umsagnar frumvörp til laga um breytingu á lögum nr. 32 12. maí 1978, um hlutafélög, með síðari breytingum, 96. mál og frumvarp til laga um einkahlutafélög, 97. mál. Þar sem frumvörp þessi gera ráð fyrir grundvallarbreytingu á gildandi hlutafélagalöggjöf mun umsögn þessi taka til beggja frumvarpanna.

Samtökin vísa til umsagnar í bréfi dags. 29. apríl sl. sem fylgir með í ljósriti.

Breytingar sem gerðar hafa verið á frumvörpum þessum frá fyrri umsögn eru ekki veigamiklar og breyta í raun engu um efni þeirra. Rétt er að taka fram að Samtökin telja að breytingin í 97. máli þ.e. að frumvarpið heiti nú frumvarp til laga um einkahlutafélög í stað þess að áður var rætt um eignarhlutafélög sé til bóta.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins.


Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri.


Ólafur Helgi Arnason, hdl.



Alþingi,
bt. Ágústu H. Lárusdóttur, deildarfulltrúa,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Reykjavík, 29. apríl 1994.

Samtökum iðnaðarins hafa verið send til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 32 12. maí 1978, um hlutafélög, með síðari breytingum, 428. mál og frumvarp til laga um eignarhlutafélög, 428. mál. Þar sem frumvörp þessi gera ráð fyrir grundvallarbreytingu á gildandi hlutafélagalöggjöf mun umsögn þessi taka til beggja frumvarpanna.

Svo sem kemur fram í almennum athugasemdum við bæði frumvörpin er samning þeirra liður í aðlögun Íslands að ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Frumvörpin fela því ekki í sér heildarendurskoðun á löggjöfinni heldur einungis nauðsynlega aðlögun að þátttöku okkar í EES. Samtök iðnaðarins hefðu talið eðlilegt að jafnframt hinni nauðsynlegu endurskoðun á löggjöfinni, hefði hún verið endurskoðuð í heild sinni.

Meginbreytingin sem í frumvörpunum felst er sú að gert er ráð fyrir tvennum lögum um hlutafélagiformið. Annars vegar er gert ráð fyrir lögum um eignarhlutafélög fyrir þann rekstur sem er smærri í sniðum og hins vegar lögum um hlutafélög fyrir hinn umfangsmeiri rekstur. Samtök iðnaðarins eru sammála þessum markmiðum, enda í samræmi við stefnu þeirra og þeirra samtaka sem eru forverar Samtaka iðnaðarins.

Að því er varðar frumvörpin vilja Samtök iðnaðarins koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum og ábendingum:

1. Lagt er til í 1. gr. frumvarpsins til laga um eignarhlutafélög, að lágmark hlutafjár í þeim félögum verði kr. 500 þúsund. Að mati Samtakanna er hér um of lága fjárhæð að ræða. Samtökin telja að þessi upphæð eigi að vera a.m.k. 1 milljón króna. Fullyrða má að ekki sé raunhæft að hefja atvinnurekstur nema framlag stofnenda sé þessi upphæð.

2. Í 59. gr. frv. til laga um eignarhlutafélög er fjallað um rétt þeirra sem ráða yfir minnst 1/3 hlutafjárins að krefjast frestunar á staðfestingu ársreiknings og um meðferð hagnaðar eða taps á reikningsárinu. Þó æskilegt sé að lögin tryggji rétt minnihluta hluthafa, sýnir reynslan að ákvæði þetta hefur verið misnotað í

þeim tilgangi einum að tefja fyrir afgreiðslu mála á hluthafafundum. Draga Samtökin því í efa að ákvæði sem þessi eigi rétt á sér.

3. Um fresti til að skila ársreikningum hlutafélaga til hlutafélagaskrár er fjallað í 97. gr. frv. til laga um eignarhlutafélög. Sambærilegt ákvæði er í 105. gr. hlutafélagalaga. Samkvæmt þessum ákvæðum hafa félög frest í allt að átta mánuði fram yfir lok reikningsárs til að skila ársreikningum til hlutafélagaskrár. Að mati Samtakanna eru þessir frestir óeðlilega langir. Þar sem ársreikningar eru mikilvægt gagn til að meta hlutafélög, t.d. að því er lánshæfni þeirra varðar er mikilvægt að þeir séu aðgengilegir sem allra fyrst eftir lok reikningsárs. Samtökin leggja því til að þessi frestur verði að hámarki sex mánuðir.

4. Með þeirri breytingu sem gert er ráð fyrir á 50. gr. hlutafélagalaganna er verið að reyna að stemma stigu við þeirri miklu misnotkun á hlutafélagiforminu sem átt hefur sér stað hér á landi á undanförunum árum. Samtök iðnaðarins draga í efa að ákvæði sem þetta hafi tilætluð áhrif, þar sem ákvæðið er fremur þröngt og nær því væntanlega til fremur fárra aðila. Telja verður að önnur úrræði séu áhrifaríkari í þessu sambandi og verður vikið að þeim hér á eftir.

Samtök iðnaðarins gera á þessu stigi ekki aðrar efnislegar athugasemdir við frumvörpin. Samtökin telja á hinn bóginn að megin forsendan fyrir því að virðing manna fyrir hlutafélagalöggjöfinni batni sé sú, að Hlutafélagaskrá sinni því hlutverki sem hún hefur að lögum. Það verði t.a.m. undantekningarlaus regla að stofnendur hlutafélags eða eignarhlutafélags sýni fram á að hið framlagða hlutafé sé í raun inngreitt. Þá verði gengið eftir því að þær tilkynningar sem eiga lögum samkvæmt að berast skánni geri það, s.s. ársreikningar, breytingar á stjórnnum og framkvæmdastjórnnum félagana. Einnig verði þær viðurlagaheimildir sem löggin hafa að geyma hiklaust notaðar til að knýja stjórnendur til að sinna skyldu sinni til að senda lögboðnar tilkynningar til Hlutafélagaskrár. Þá verður í þessu sambandi einnig að benda á nauðsyn þess að tekið sé harðar á fyrirtækjum sem ekki sinna að gefa sig upp til gjaldþrotaskipta þegar fyrirséð er að þau geta ekki staðið í skilum við lánardrottna sína. Vísast í þessu sambandi til 64. gr. l. nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl.

Þrátt fyrir að það sem hér hefur verið gert að umræðuefni snúi að hluta til að framkvæmd laganna telja Samtök iðnaðarins nauðsynlegt að lýsa þessu sjónarmiði fyrir þingnefndinni. Samtökin telja m.ö.o. að þrátt fyrir að umræddar breytingar á hlutafélagalöggjöfinni sé í heild sinni framfaraspor, þá sé ekki síður mikilvægt að bæta framkvæmd laganna frá því sem verið hefur.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins.

Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri.

Andrés Magnússon, lögfræðingur